

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ArcticLAS ehf. (rottur) Krókháls 5d



<b>Dags eftirlits</b>	6.3.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	ArcticLAS ehf. (rottur)	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Krókháls 5d	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5503881389	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bergþóra Eiríksdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi ArcticLas fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafla 3)

Rekstraraðila er heimil starfsemi sem felur í sér innflutning og ræktun á allt að 60 erfðabreyttum rottum á ári sem og heimild til innflutnings og geymslu á fósturvísunum úr erfðabreyttum rottustofnum.

Farið var í skoðunarferð um húsnæði rekstraraðila og samhliða farið yfir þau atriði sem voru á dagskrá eftirlitsins. Allar rottur hafa verið aflífaðar en sæði geymt í fljótandi köfnunarefni.

Góðir verkferlar eru viðhafðir við alla meðhöndlun úrgangs og aðgangur að húsnæðinu er takmarkaður. Vel er haldið utan um alla þjálfun og eru vinnudagbækur bæði rafrænar og handskrifaðar. Rætt var um að rekstraraðili tæki saman í eitt skjal upplýsingar um þá stofna sem unnið er með. Húsnæðið var allt mjög snyrtilegt, haldið vel utan um starfseminna og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.03.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir